

## Stjórnarfundur Leiknar: Föstudaginn 13. september 2019

kl.12-14.

**Staður: Vínlandsleið 14, 112 Reykjavík, Fjölmennt**

Mætt: Guðrún Vala (GV), Helga (HG), Sólrún (SB) (í fjarfundi), Eyjólfur (ES) og Guðfinna (GH), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Helgi (HS) og Ingibjörg (IK).

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Ný stjórn Leiknar eru skipuð eftirfarandi fulltrúum:

- Eyjólfur Sturlaugsson, Fræðsluneti Suðurlands
- Guðfinna Harðardóttir, Starfsmennt fræðslusetur
- Guðrún Vala Elísdóttir, Símenntunarmiðstöð Vesturlands
- Helga Gísladóttir, Fjölmennt
- Helgi Þorbjörn Svavarsson, SÍMEY
- Ingibjörg Kristinsdóttir, Framvegis
- Sólrún Bergþórsdóttir, Visku Vestmannaeyjum

Stjórn skipti með sér verkum og er Guðrún Vala formaður, Helgi gjaldkeri og Guðfinna ritari og vefstjóri. Lagt var til að Eyjólfur yrði varaformaður og samþykkti hann þá tillögu þegar hann mætti síðar á fundinn. Lagt til að Gurra frá Lbhí haldi áfram utan um Facebook síðu samtakanna, GV mun hafa samband og óska eftir því við hana.

### 2. Hlutverk Leiknar

GV fór yfir stuttlega yfir hlutverk Leiknar og voru samþykktir yfirfarnar og ræddar, m.a. um hvernig hægt er að fjölga í samtökunum. Leikn eru áhugamannasamtök með enga yfirbyggingu og ekki rekin í hagnaðarskyni.

### 3. Störfin framundan

Skipuleggja þarf stjórnarfundu, hefðin er að tveir fundir séu haldnir fyrir jól og tveir eftir jól. GV mun stinga upp á fundardögum og senda á stjórn fljótlega.

*Eyjólfur mætir á fund.*

### 4. Fjarfræðsluerindi

Umræða um erindi sem haldin voru síðasta ár sem og hvað væri áhugavert veturinn 2019-2020. Erindin hafa verið haldin fyrsta þriðjudag í mánuði.

Tillögur að efni veturinn 2019-2020 og ábyrgðarmenn erinda:

- Um Erasmusdaginn og evrópsku starfsmenntunarvikuna sem verða haldin í október. GV hefur samband við Margréti hjá Rannís.

- Framhaldsfræðslulögin, GV sendir póst á Huldu Önnu hjá MRN og spyrst fréttu um hvar málið er statt.
- Um niðurstöður rannsóknar á íslenskukennslu fyrir útlendinga, GV hefur samband við Markús hjá HA.
- Um Evrópuverkefni – reynslusögur, GV talar við Björgu Árnadóttur.
- Um Fjölmennt – HG hefur milligöngu.
- Starfsmennt um tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífs (starf fulltrúa) GH hefur milligöngu.
- Verkefni Starfsmenntar um raunfærnimat á móti viðmiðum Háskólabrúar Keilis út frá sjónarmiðum Keilis – GH hefur milligöngu.

Veffréttabréf – hingað til hefur verið leitast við að gefa út veffréttabréf a.m.k. einu sinni á hvorri önn. Umræða um hvort FB hafi tekið við en ES vakti athygli á því að það eru ekki allir á FB og því væri rétt að senda a.m.k. tvö fréttabréf yfir veturinn. Þá þarf einnig að vekja meiri athygli á FB síðu Leiknar.

Í fyrravetur var ákveðið að láta þýða *Manifesto for Adult Learning* frá EAEA, þýðingin er komin en það á eftir að prófarkalesa textann og aðlaga hann að fullorðinsfræðslunni. Samþykkt að taka tilboði upp á um 70 þús fyrir prófarkalestur, stjórn mun þó alltaf þurfa að lesa textann yfir til að tryggja að hugtakanotkun sé í samræmi við fullorðinsfræðslu"lingóið". Stefnt að því að klára íslensku útgáfuna og koma í útgáfu fyrir júl. Þurfum að skoða Manifesto með hliðsjón af því hvort eitthvað í skjalinu gefi vísbindingar um verkefni fyrir Leikn og/eða fullorðinsfræðsluaðila hér á landi. GV sagði frá því að hugmynd er uppi um að gefa út svipað Manifesto fyrir Norðurlöndin.

## 5. Staða fjármála

Tæp milljón er inni á debetreikningi og hafa allir greitt félagsgjöld fyrir árið 2019. Á Evrureikningi eru til um 1,8 m.kr. og var umræða um hvort eigi að færa fjármunina yfir í íslenskar krónur, tillagan var samþykkt.

Gurra mun sjá um að breyta prókúru og tilkynning verður send RSK við fyrsta tækifæri um breytingar á stjórn Leiknar.

## 6. Verkefni síðasta starfsárs

Stutt yfirferð yfir verkefni síðasta starfsárs, sjá nánari yfirferð í ársskýrslu sem er aðgengileg á heimasíðu Leiknar.

## 7. Námsferðir Leiknar

Leikn fékk styrk til námsferða úr Erasmusplus sjóðnum og ná námsferðirnar bæði til félagsmanna (4 þátttakendur) og stjórnar (8 þátttakendur). GV mun senda umsókn og umsögn Rannís á stjórn til yfirlestrar.

Námsferðir fyrir félagsmenn (4 þátttakendur), auglýsa þarf styrkmöguleikana til aðildarfélaga og fara í ferli umsókna.

Stjórn (8 þátttakendur), námsferð stjórnar til DK. Allir fulltrúar í stjórn leggi höfuð í bleyti um hvaða aðilar í DK eru áhugaverðir að heimsækja.

## 8. Erlent samstarf

Fundur í norræn-baltneska netinu innan EAEA var haldinn hér á landi í janúar sl. Venjan er að halda einn slíkan fund á ári en auk þess hafa fulltrúar úr stjórn Leiknar sótt ársfund EAEA, sem venjulega

hefur verið haldinn í tengslum við áhugaverða ráðstefnu. GV nefndi að gaman væri ef Ísland eignaðist fulltrúa í stjórn EAEA, samtökin fá til umsagnar og geta haft áhrif á stefnumótun í fullorðinsfræðslu í Evrópu. Auk þess standa EAEA að ýmis konar viðburðum, námskeiðum o.fl. Stefnt er að því að halda fund í norræn-baltneska netinu haustið 2019 (lok október), GV sendir upplýsingar á stjórn þegar dagsetning liggur fyrir, fundurinn verður að öllum líkindum haldinn í Finnlandi.

Umræða um aðkomu Leiknar að ýmsum innlendum verkefnum og hvenær hefur verið leitað til samtakanna og hvenær ekki. Líklega þarf Leikn að skerpa á hlutverki sínu við ýmsa aðila.

## 9. Samstarf Kvasir og Leiknar

Eyjólfur er starfandi formaður Kvasis, aðrir í stjórn eru Bryndís hjá Farskólanum og Vigdís í Framvegis. Stefnt er að stóru þingi Kvasis vorið 2020 í tengslum við stórafmæli samtakanna. Stjórn Kvasis hefur áhuga á meira samstarfi við Leikn m.a. að standa að sameiginlegu málþingi. Stjórn Leiknar er að sama skapi áhugasöm um markvissara samstarf við Kvasi.

Kvasir er í mun virkara samtali við ráðuneytið (MRN) og FA heldur en Leikn er. Það vantar engu að síður mun markvissari aðkomu fullorðinsfræðslunnar að umræðu og stefnumótun menntamála hér á landi.

## 10. Önnur mál

Kynna starf Leiknar fyrir fleiri aðilum svo sem skátum, Landsbjörgu, EHÍ o.fl. um leið og íslenska útgáfan á *Manifesto* verður tilbúin. Stefnt að markvissri kynningu eigi síðar en snemma á vormisseri.

- EHÍ
- OHR
- Endurmenntun Tækniskólans
- Rauði krossinn
- Landsbjörg
- Skátar
- Klifið
- Promennt
- Dósasmiðjan
- Multi kulti
- Retor
- Endurmenntun Háskólans á Bifröst

Ákvarðanir teknar með tölvupósti milli stjórnarmeðlima eru ígildi stjórnarfundar.

Fundi slitið kl. 13:55, næsti fundur verður ákveðinn síðar.